

Hafnarfjarðarbær  
b.t. Haraldar L. Haraldssonar, bæjarstjóra  
Strandgata 6  
220 Hafnarfjörður

Reykjavík 13. febrúar 2017  
Mál nr. 1802182


**Efni: Minnisblað frá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands**

Þann 8. febrúar s.l. barst sjóðnum minnisblað frá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands um áhrif 40 ma.kr inngreiðslna sveitarfélaga í Brú lífeyrissjóð á vexti, gengi krónunnar og verðbréfamarkað.

Sjóðurinn fagnar því að Hafnarfjarðarbær hafi haft frumkvæði á að fá framangreint álit og niðurstöðu þess hvað varðar áhrif þessa á markaðinn en átelur eftirfarandi atriði skýrslunnar og harmar að ekki hafi verið leitað eftir upplýsingum hjá sjóðnum til að koma í veg fyrir rangfærslur;

- Á blaðsíðu 2 er ruglað saman jafnvægisjóði og varúðarsjóði en þar er sagt að tekið hafi verið 7,8562% af lífeyrisauka og varúðarsjóði en hér hlýtur að vera átt við lífeyrisauka og jafnvægisjóð.
- Ekki voru gerð nein „mistök í tryggingafræðilegri athugun“. Það var meðvitað ákvörðun að reikna varúðarsjóðinn sem hlutfall af jafnvægisjóði þar sem sama óvissa um ávöxtun ríkir um forsendur jafnvægisframlagsins og lífeyrisaukans. Þess má geta að þegar fyrstu tillögurnar voru unnar fyrir LSR var ekki gert ráð fyrir framlagi til jafnvægisjóðs, þar sem sjóðurinn var með jákvæða tryggingafræðilega stöðu. Sú staðreynd breyttist síðan eftir því sem tíminn leið og verkinu vatt fram. Hjá Brú lífeyrissjóði var alla tíð ljóst að framlag þyrfti vegna áfallinnar stöðu.
- Í minnisblaðinu er einnig fjallað um stærð varúðarsjóðs LSR og hann settur í hlutfall við heildarskuldbindingu A deildar sjóðsins, og varúðarsjóður sagður vera 1,3% af heildarskuldbindingu sjóðsins. Heildarskuldbinding Brúar lífeyrissjóðs þann 31.5.2017 var metin 247,6 ma.kr en 1,3% af þeirri fjárhæð er 3,219 ma.kr., sem er 3,313 ma.kr. framreiknaðar til desember 2017. Fjárhæð varúðarsjóðs Brúar lífeyrissjóðs var hins vegar 3,015 ma.kr. Í ljósi þessa er ekkert tilefni til að lækka framlag Hafnarfjarðarbæjar til varúðarsjóðs.
- Lífeyrisaukasjóður og varúðarsjóður eiga að tryggja framtíðarréttindi sjóðfélaga, þ.e. mismuninn á milli jafnrar ávinnslu og aldurstengdrar ávinnslu og hækkun lífeyrisaldurs úr 65 ár í 67 á en ekki breytingum á dánar- og eftirlifendatöflum.
- Rétt er það sem tilgreint er í minnisblaðinu að Félag íslenskra tryggingastærðfræðinga hefur gefið út tillögur að dánar- og eftirlifendatöflum, þar sem gert er ráð fyrir vaxandi ævilengd, en þær töflur hafa ekki verið útgefnar af ráðherra. Aðeins á árinu 2015 þurftu lífeyrissjóðirnir að skila til FME tryggingafræðilegri athugun vegna hækkunar á lífaldri en við þann útreikning versnaði tryggingafræðileg staða A deildarinnar um 8,4%.
- Rétt er það sem tilgreint er í minnisblaðinu að breytingin á A deild ná ekki til réttinda þeirra sem voru orðnir 60 ára og eldri þann 1. júní 2017, þ.e. við gildistöku laganna, en breytingin nær heldur ekki til þeirra sem komnir voru á lífeyri á umræddu tímamarki og bera launagreiðendur því enn ábyrgð á þeim réttindum.

Virðingarfyllst,



Gerður Guðjónsdóttir  
framkvæmdastjóri